

Lykilfyrirlesari:

Gísli Pálsson: Jarðsambönd mannaaldar

Orðið „jarðsamband“ er rótgróið í íslensku máli. Hér er það notað í nýrri merkingu (e. geosocialities) um órofa tengsl jarðar og manneskju, hnattar og mannlífs. Oft hefur verið sagt að manneskjan sé félagsvera (socially constituted); enginn sé eyland og öll séum við mótuð úr samböndum við annað fólk, ekki aðeins tengd því. Margir félagsvísindamenn hafa haldið þessum skilningi á manneskjunni á lofti í gagnrýni sinni á hugmyndina um sjálfstætt fólk. Í erindi mínu held ég því fram að þessi félagslega sýn, svo langt sem hún nær, sé of þröng. Við erum líka gerð úr jarðneskum tengslum; vafasamt er að líta svo á að jörðin sé aðeins vettvangur þar sem hið eiginlega mannlíf fari fram, fjalirnar þar sem leikrit eru sett upp um stundar sakir. Mannöldin kallar óhjákvæmilega á slíka endurskoðun. Hugtakið jarðsamband gæti hjálpað okkur að skilja betur tengslin milli þess sem er lifandi og þess sem við höfum yfirleitt talið að væri það ekki, þar með talin eldfjöll, grjót og hraun. Eldfjöll iða af lífi þótt þau leggist í dvala lengur eða skemur og margur talar um eldfjallið sitt með tilhlýðilegri virðingu. Í erindinu byggji ég á væntanlegri bók minni Fjallið sem yppti öxlum sem fjallar um rætur mínar, jarðhræringar, meðal annars Heimaeyjargosið árið 1973, og nánd jarðarinnar á mannöld.

Heilbrigðismál. Stofa 204 kl. 11:45 - 13:15

Stefán Hrafn Jónsson: Fordómar á grundvelli holdafars í íslensku samfélagi

Fordómar og mismunur á grundvelli holdafars koma víða fram í vestrænum samfélögum (Brownell, Puhl, Schwartz og Rudd, 2005) og rannsóknir benda til að fordómar hafi aukist á síðustu áratugum (Andreyeva, Puhl og Brownell, 2008; Latner og Stunkard, 2003). Eins og með aðra fordóma þá geta fordómar á grundvelli holdafars haft neikvæð áhrif velferð fólks og aukið líkur á heilsufarsvanda (Hatzenbuehler, Keyes og Hasin, 2009; Puhl og Heuer, 2010). Mikilvægt er fagfólk átti sig á ríkjandi viðhorfum til holdafars, að að unnið sé að því að minnka fitufordóma og misrétti. Í því ljósi þarf að tryggja að aðgerðir til að efla heilsu fólks auki ekki neikvæð viðhorf. Í kynningunni er greint frá niðurstöðum íslenska hluta fjölþjóðlegrar könnunar á fordómum og félagslegu óréttlæti í tengslum við holdafar, rannsóknar sem birt hefur verið í skýrslu á vegum Embætti landlæknis. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að neikvæð viðhorf ríki hér á landi gagnvart feitu fólki. Niðurstöðurnar benda eindregið til að vinna þurfi gegn fordómum og mismunur á grundvelli holdafars og velja ábyrgar leiðir til heilsueflingar sem stuðla jafnhliða að heilbrigðum lifnaðarháttum og virðingu fyrir fjölbreyttum líkamsvexti.

Sigurgeir Guðjónsson: Í stóru landi: Fáir læknar og geðveikt fólk. Af heilbrigðissögu á Íslandi á 19. öld.

Eftir að Bjarni Pálsson landlæknir hóf störf árið 1760 tók hann að sér lærlinga sem seinna urðu héraðslæknar úti um landið. Héraðslæknarnir voru fimm árið 1799, tveir í

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi, einn í Austufirðingafjórðungi og einn á Suðurlandi og einn í Vestmannaeyjum. Á 19. öldinni var markmiðið að fjölga héraðslæknum úti um landið.

Með lögum um læknaskipan árið 1875 urðu læknar 20 talsins og flestar sýslur með héraðslækni. Framan af hafði þó Skaftafellssýslan einn héraðslækni en árið 1886 var Þorgrímur Þórðarson skipaður héraðslæknir í Austur-Skaftafellssýslu. Læknar voru fáir og gátu aðeins sinnt brýnustu verkefnum. Í þessu erindi verður varpað ljósi hvernig einstakir héraðslæknar leystu þennan vanda í hinum dreifðu byggðum þegar samgöngur voru erfiðar. Sérstaklega verður rakið hvernig einstakir læknar fylgdust með fólki sem talið var geðveikt. Þar þurfti að treysta á fjölskyldu þess veika og nágretta. Á Íslandi var ekki geðspítali eins og í nágrannlöndunum og var heimilið grunneining samfélagsins og geðveikt fólk hafði verið vistað þar um aldir. Oft voru einstakir sveitabæir afskekktir og fór því oft lítið fyrir þeim geðveiku. Á hinn bóginn var misjafnt hvernig búið var að geðveiku fólki á bæjunum.

Ágúst Einarsson: Heilbrigðismál í breyttum heimi

Heilbrigðismál eru sá málaflokkur sem hefur tekið hvað mestum breytingum síðustu áratugi. Þar fara saman miklar framfarir í læknávisindum, hærri aldur íbúa jarðar, gífurleg fjölsfjölgun og hugsanlega vanmáttur nútímasamfélaga að takast á við ýmis vandamál. Í erindinu er sjónum beint að tölfræðilegum samanburði Íslands við önnur lönd. Lýst er vandamálum framtíðar og hugsanlegu breyttu búsetuformi, þar sem fleiri kynslóðir búa saman, eins og var algengt á öldum áður. Raktar eru áskoranir í fjármögnun velferðarþjónustu framtíðar og gerð er grein fyrir vaxandi misskiptingu í mörgum samfélögum heims, meðal annars í því íslenska. Jafnframt er fjallað um skipulag heilbrigðisstofnana héraðs og erlendis og rætt er um lyfjaiðnaðinn, tryggingar, forvarnir og fjölþjóðlegan samanburð í heilbrigðismálum.

Ferðaðþjónusta. Stofa 202 kl. 11:45 - 13:15 og 14:00 - 15:00

Eyrún Jenný Bjarnadóttir: „Ókei, ég kaup þú bara í matinn það sem er til“: Um áhrif ferðaðþjónustu í einstökum samfélögum

Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður greiningar á því hvaða áhrif hinn hraði vöxtur ferðaðþjónustunnar hefur á minni samfélög, íbúa þeirra, menningu og daglegt líf í samfélagslegu tilliti. Rannsóknin byggir á svipaðri aðferðafræði og rannsókn Háskólans á Hólum frá árinu 2014 þar sem svæðin Hella, Ísafjörður, Húsavík og 101 Reykjavík voru til athugunar.

Staðirnir sem voru til skoðunar eru Höfn í Hornafirði, Mývatnssveit og Siglufjörður. Allir eiga þeir það sameiginlegt að ferðaðþjónusta og ferðamennsku þar hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförunum misserum. Við rannsóknina var notast við blandaðar rannsóknaraðferðir. Annars vegar voru tekin hálfopin viðtöl við íbúa í bæjarfélögunum þremur og hins vegar var spurningalisti lagður fyrir íbúa í símakönnun. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að mismunandi þættir skipta samfélög máli og hver þáttur getur haft mismunandi áhrif innan

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

samfélaga. Þannig er hvert svæði einstakt og virðast ákveðnir staðbundnir þættir ráða mestu varðandi ánægju íbúa. Á Siglufirði var mesta ánægjan með þær samfélagslegu breytingar sem orðið hafa og telja íbúarnir uppbyggingu hafa verið í góðum takti við fjölgun ferðafólks. Á Höfn voru húsnæðismálin fólki hugleikin og hafa íbúar að mörgu leyti þurft að aðlaga sig breyttum aðstæðum vegna ferðamennsku á svæðinu. Í Mývatnssveit var daglegt rask af völdum ferðaþjónustu mest og þar taldi yfirgnæfandi meirihluti ferðamenn vera orðna of marga yfir sumarmánuðina. Niðurstöðurnar undirstrika jafnframt mikilvægi þess að heimamenn upplifi bætt lífsgæði í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu og að íbúar eigi þess kost að hafa eitthvað um það að segja hvernig ferðaþjónusta sé byggð upp í þeirra heimabyggð.

Edward H. Huijbens: Ferðamennska og mannöldin

Þetta erindi mun leggja út frá hugmyndum um mannöldina og skýra sérstaklega samhengi þeirra við ferðamennsku á Íslandi og á heimsvísu. Byggt er á bókinni *Tourism and the Anthropocene*, sem höfundur var annar tveggja ritstjóra á og kom út hjá Routledge árið 2016. Útgangspunktur þess rits var að bera kennsl á leiðir til að skilja samlífi okkar með jörðinni og gefa henni rými í þælingum okkar um ferðamál. Grunnur að skilning á mannöld felst í því hvernig við skiljum jörðina og leyfum henni að tala til okkar. Til að skilja hana er lagt til að byggja á verufræði sem skýrir „flóka“ manns og náttúru og dregur fram mikilvægi hins efnislega. Þessi jarðbundni skilningur á mannöld verður svo settur í samhengi við umræðu á alþjóðavettvangi um loftslagsmál og sjálfbærni viðmið Sameinuðu þjóðanna, sem aftur leiða inn í umræðu um álitamál í ferðamennsku. Efst þar á baugi eru siðferðileg álitamál ferðamennsku á tímum loftslagsbreytinga, en út frá þeim verða lagðar fram tillögur að því hvernig standa megi að ferðamennsku á mannöld í ljósi þeirra. Þessar tillögur verða skýrðar í samhengi íslenska þjóðfélagsins með dæmum.

Vífill Karlsson: Áhrif ferðaþjónustu fasteignaverð

Mikil umræða er um áhrif ferðaþjónustu á fasteignamarkaðinn. Sú umræða hefur hverfst um stöðuna á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðnar vísbendingar eru um að ruðningsáhrif sem ferðaþjónustan virðist valda á höfuðborgarsvæðinu, teygir sig víðar um land. Rannsóknin er í tveimur hlutum. Fyrst verður gerð skoðanakönnun sem skoðað er hversu mikið af fasteignum eru setnar ferðamönnum og ferðaþjónustuaðilum og því haldið frá fólki sem vill setjast að á landsbyggðinni vegna vinnu. Í öðru lagi verður fjöldi ferðamanna metinn á móti fasteignaverði í sveitarfélaga og reynt að varpa ljósi á hversu víðfeðm þessi árif eru. Í seinni hluta greiningarinnar verður stuðst við panel gagna greiningu yfir sem flest sveitarfélög á landinu eins og unnt er. Í erindinu verður greint frá fyrstu niðurstöðum fyrri hluta rannsóknarinnar.

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson: Fjöldi ferðamanna á Suðausturlandi

Ferðamönnum til Íslands hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Vísbendingar eru um að fjölgunin sé mest á höfuðborgarsvæðinu en mun minni á landsbyggðinni, einkum utan háannar. Heilsársstörf eru hins vegar mikilvæg fyrir byggðapróun. Því er mikilvægt að skoða dreifingu ferðamanna um landið eftir árstímum. Gistináttagögn hafa verið notuð til að greina árstíðasveiflu í ferðaðjónustu eftir landshlutum. Út frá gistináttagögnunum sést hvar ferðamenn gista en ekki hvaða áfangastaði þeir heimsækja. Vísbendingar eru um að margir gisti í Reykjavík og fari þaðan í dagsferðir. Því sýna gistináttagögnin ekki fjölda ferðamanna í byggðalögunum í kring. Álag af ferðamönnum á þessum stöðum getur því verið meira en gistináttagögnin sýna og tekjur af til dæmis gistingu og matsölu minni. Flestir ferðamenn fara í dagsferðir frá Reykjavík um Suðurland. Umferðin á Suðurlandi hefur aukist mikið undanfarin ár og fjölgunin hefur að mestu fylgt fjölgun ferðamanna til landsins. Á Suðurlandi frá Seljalandsfossi til Hafnar í Hornafirði eru 14 bifreiðateljarar á áfangastöðum ferðamanna. Teljararnir eru ýmist á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs eða verkefnisins: Dreifing ferðamanna um landið, sem styrkt er af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Að auki eru á þjóðvegi 1 margir teljarar á vegum Vegagerðarinnar. Í erindinu verða talningar frá öllum þessum teljurum bornar saman með tvennt að markmiði, að finna: • Hversu stór hluti þeirra sem fara um þjóðveg 1 fer heim að áfangastöðunum á leiðinni. • Hversu langt austur ferðamenn fara. Lögð verður áhersla á að skoða kaflann frá Örfæfum austur til Hafnar. Til að skoða árstíðarsveiflu á svæðinu verður fjöldi bifreiða á þjóðvegi 1 og fjöldi bifreiða sem aka heim að helstu áfangastöðum sýndur eftir mánuðum. Upplýsingar um fjölda ferðamanna sem heimsækja ákveðna áfangastaði og á hvaða árstíma eru ein af grunnforsendum aðgerða til að dreifa ferðamönnum betur um landið. Þær eru mikilvægar vegna skipulags ferðamennsku á landsvísu, en einnig vegna skipulags og verndunar einstakra staða.

Vífill Karlsson: Áhrif ferðaðjónustu á lýðfræði sveitarfélaga

Mikil umræða er um áhrif ferðaðjónustu á fasteignamarkaðinn. Einnig eru sumir staðir vinsælli en aðrir til frístundabúsetu. Samkvæmt frjósemiskenningunni er húsnæðiskostnaður einn af nokkrum mikilvægu áhrifaþáttum frjósemi. Hætt er við að þau samfélög sem fasteignaverð er mjög hátt haldi sérstaklega fólki frá á barneignaraldri og kannski sérstaklega barnmargar fjölskyldur. Í þessari rannsókn verður fjöldi ferðamanna metinn á mótí frjósemi tiltekinnar sveitarfélaga annars vegar og / eða almennt lýðfræðilega samsetningu þeirra sveitarfélaga sem fá marga ferðamenn til sín í samanburði við hin sem njóta vaxtar ferðaðjónustunnar í rýrara lagi. Stuðst verður við panel gagna greiningu yfir sem flest sveitarfélög á landinu og unnt er.

Stjórnsmál. Stofa 204 kl.14:00 - 15:00 og 15:15 - 16:45

Helgi Gunnlaugsson: Lögleiðing bjórs á Íslandi 1989: Hvað sögðu þingmennirnir aldarfjórðungi síðar?

Bjórþessi á Íslandi ríkti mest alla 20. öldina eða frá árinu 1915 til 1988 þegar Alþingi Íslendinga afnám þessi. Helstu rökin á Alþingi gegn því að leyfa bjór voru að þessi verndaði sérstaklega ungmenni og aðra hópa sem standa höllum fæti í samfélaginu. Ef bjór yrði leyfður myndi heildarneysla áfengis aukast og heilsufar þjóðarinnar versna ekki síst meðal áður nefndra hópa. Bjórsinnar töldu aftur á móti að þessi á bjór og leyfi fyrir sterku áfengi væri ekki rökrétt og að einmitt bjórin frekar en sterkt áfengi gæti betrubætt drykkjusiði landsmanna.

Í erindinu verður bjórþessi rifjað upp og hver reynslan hefur verið síðan bjórin var leyfður. Jafnframt verður greint frá niðurstöðum lokaritgerðar í félagsfræði þar sem viðtöl voru tekin við þingmenn sem greiddu atkvæði með og móti nýju lögunum árið 1988. Hvað sögðu þeir aldarfjórðungi síðar? Voru þeir enn sama sinnis eða höfðu þeir skipt um skoðun í ljósi reynslunnar?

Birgir Guðmundsson: Að sjá skóginn fyrir trjám? Stjórnsmálsmenn í frumskógi breyttrar fjölmiðlunar

Fjölmiðlaumhverfi á Íslandi og í heiminum öllum hefur gjörbreyst á umliðun árum og áratugum ekki síst vegna tilkomu nýrrar tækni og sprengingar í framboði á miðlunargáttum. Notendur fjölmiðla eru nú dreifdir á óteljandi staði og sækja sér það efni sem þeir hafa áhuga á og áhrif einstefnumiðlunar ritstýrðra hefðbundinna miðla hefur minnkað. Engu að síður skipta hefðbundnu miðlarnir máli og starfa í bland við nýjar tegundir miðlunar í blönduðu fjölmiðlakerfi (hybrid media system). Þessi nýja staða hefur verið mikil áskorun fyrir stjórnsmálin sem þurfa að koma skilaboðum, ímynd og málflutningi til skila til kjósenda þannig að lýðræðislegt ferli geti virkað sem skildi. Vægi sérfræðinga í upplýsingamiðlun og markaðsmanna hefur því aukist í stjórnsmálum og í þessu erindi verður gerð grein fyrir könnunum á skoðunum íslenskra stjórnsmálsmanna á þeim vanda sem pólitísk boðmiðlun stendur frammi fyrir og varpað fram spurningum um hvað þetta þýðir fyrir lýðræðið.

Guðmundur Oddsson: Huglæg stéttarstaða Íslendinga: Helstu áhrifaþættir mitt í efnahagskreppu

Markmið þessarar rannsóknar er að greina hvaða áhrifaþættir ráða mestu um það hvar Íslendingar sjá stöðu sína í stéttakerfinu. Gögnin sem notast er við koma úr alþjóðlegu viðhorfskönnuninni International Social Survey Programme, sem lögð var fyrir hér á landi á tímabilinu 2009 til 2010. Um er að ræða fyrstu alþjóðlegu spurningalistakönnunina sem þar sem spurning um huglæga stéttarstöðu er lögð fyrir íslenskt úrtak. Ennfremur byggir þessi rannsókn á fyrstu margbreytu-aðhvarfsgreiningu sem gerð hefur verið á huglægru stéttarstöðu hér á landi. Við túlkum niðurstaðna sækir höfundur í klassíska kenningarmiði á borð við Karl Marx, Max Weber og Pierre Bourdieu og hugmyndir þeirra um tengsl hlutlægrar og huglægrar

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

stéttarstöðu. Niðurstöðurnar benda til þess að hlutlæg stéttarstaða og stéttarvísanir, heimilistekjur og menntun, hafi mest forspárgildi fyrir huglæga stéttarstöðu. Staða á vinnumarkaði skiptir þar að auki miklu máli, en öryrkjar og þeir sem telja sig hafa farið sérstaklega illa út úr hruninu (efnahagslega) sjá sig í marktækt lægra í stéttakerfinu en aðrir.

Birgir Guðmundsson: Snapchat og aðrir samfélagsmiðlar í kosningum 2016

Samfélagsmiðlar ráða miklu í hinni pólitísku umræðu og eru gjarnan taldir hafa gjörbreytt möguleikum smærri flokka og flokka með takmarkaðar bjargir til að að koma sér og boðskap sínum á framfæri. Í þessu erindi verður samfélagsmiðlanotkun stjórnámálanna í kosningunum 2016 skoðuð með sérstöku tilliti til þess hvernig nýr og vinsæll miðill, Snapchat, kemur inn í fjölmiðlanotkun stjórnámálanna. Sérstaklega verður skoðað hvort nýir flokkar nýttu sér Snapchat og hvort flokkarnir almennt hafi notað miðilinn, m.a. til að ná til ungra kjósenda, en ungt fólk er áberandi í notkunarhópi Snapchat. Gögnin sem stuðst er við koma úr frambjóðendakönnun sem gerð var fyrir kosningarnar þar sem spurt var um fjölmiðlanotkun stjórnámálanna.

Jón Gunnar Bernburg: Fjöldamótmæli á Íslandi, 1998-2016: Breyttar átakalínur?

Á undanförunum tveimur áratugum hafa orðið miklar breytingar á mótmælum í vestrænum þjóðfélögum, sérstaklega í kjölfar efnahagskreppunnar. Ein breytingin er sú að fjöldamótmæli snúast oftast um efnahagsójöfnuð og spillingu lýðræðisins. Af þessum sökum hafa vaknað spurningar um það hvort félagslegur og pólitískur grundvöllur mótmælaþátttöku hafi breyst. En rannsóknir eru skammt á veg komnar. Erindið fjallar um nýja rannsókn á þessu málefni. Skoðaðar eru breytingar á mótmælahegðun Íslendinga frá því um aldamótin 2000 til ársins 2016. Notast er við úrtakskannanir á mótmælaþátttöku almennings 1) fyrir kreppu (1998-2003), 2) í kreppu (2008-2009) og 3) eftir kreppu (2016). Verulegar breytingar koma fram á áhrifaþáttum mótmælahegðunar. Viðkvæm efnahagsstaða hefur aukið vægi í mótmælaþátttöku en áður—mótmælendur eru yngri og hafa lægri tekjur en áður. Þá hafa stjórnmalaviðhorf mótmælenda breyst. Miðjusinnaðir mótmæla meira en áður og trú á spillingu stjórnámálanna vegur nú þungt í mótmælaþátttöku (en hafði ekkert vægi áður). Aftur á móti dregur úr vægi stjórnálaaflla sem kenna sig við “nýju hreyfingar” tuttugustu aldarinnar (t.d. umhverfissinna). Breytingarnar, sem allar endurspeglar breyttar átakalínur í þjóðfélaginu, hafa ágerst enn frekar síðan kreppunni lauk.

Hnattvæðing og græn hugvísindi. Stofa 202 15:15 - 17:15

Stefán Ólafsson: Hefur Hnattvæðingin brugðist?

Hnattvæðingin er í senn spröttin af hinni nýju upplýsingatækni og breyttum þjóðmálaviðhorfum. Upplýsingatæknin greiddi götu aukinna samskipta, tengsla og viðskipta milli landa og heimshluta. Hin breyttu þjóðmálaviðhorf fólust í því að ryðja úr vegi hindrunum á milliríkjaviðskiptum, flæði fjármagns, viðskipta með vöru og þjónustu og flæði fyrirtækja – öðru fremur var þetta hnattvæðing óheftari markaðshátta. Miklar vonir voru lengi bundnar við jákvæð áhrif hnattvæðingar: aukinn hagvöxtur, aukin upplýsing, aukið frelsi og auknir valkostir hvers konar voru nefndir til sögunnar. Í seinni tíð hafa komið fram vaxandi vísbendingar um meinsemdir sem hnattvæðingunni fylgja. Ójöfnuður eykst, fjármálavæðing magnast, óstöðugleiki eykst, störf tapast á Vesturlöndum, gæðum starfa fer aftur (precarious work), lýðræði veikist og sótt er að ávinningum launþegahreyfingar og velferðarríkis. Það er því ljóst að hnattvæðingunni fylgja bæði kostir og gallar og með vaxandi óánægju vinnandi fólks á Vesturlöndum með aukna samkeppni frá innflytjendum og láglaunalöndum hefur nýjum flokkum og frambjóðendum aukist ásmegin á síðustu árum. Pólítískar afleiðingar hnattvæðingarnar virðast nú orðnar líklegar til að breyta grundvelli þeirra stjórn mála sem lengst af réðu ríkjum á 20. öldinni. Í þessu erindi verða kostir og gallar hnattvæðingarinnar lagðir á vogarskálarnar og spurt hvort hún fái ekki staðist í núverandi formi. Fyrirlesari horfir til baka til bókar um hnattvæðingu og þekkingarþjóðfélag er hann skrifaði ásamt Kolbeini Stefánssyni árið 2005 og kortleggur það sem hefur farið á annan veg en þá virtist blasa við.

Örn D Jónsson: Sumar allt árið: Hugleiðingar um félagssögu kuldans

Frostaveturinn mikla 1918 var svo kalt hér á landi að hitastigið innandyra í hýbýlum fólks mældist stundum í tveggja stafa mínustölu. Bágt efnahagsástand og hátt verð á kolum gerði það að verkum að fólk varð á stundum að halda til í yfirfylltum smákytrum og vera án loftræstingar til að reyna að halda í hitann eða deila vistarverum með búfénaði. Tæpri öld síðar hugsar ungt foreldri sig ekki tvisvar um þegar ungabarn er tekið með í útisundlaug um miðjan vetur; fólk skilur glugga á húsakynnum sínum opna dag og nótt, jafnvel þegar kalt er í veðri. Umfjöllun mín er um hversu víðtæk notkun heita vatnsins hefur á daglegt líf okkar.

Soffía Auður Birgisdóttir: Tjaskipti manns og náttúru: náttúrusýn Þórbergs Þórðarsonar

Tilfinningar eru grundvallaratriði í allri náttúruskynjun Þórbergs Þórðarsonar. Um leið og Þórbergur lýsir náttúrufyribærum á nákvæman, ljóðrænan og oft mjög frumlegan hátt er auðsæilegt að hann reynsla hans er á einhverju sviði óumræðileg og hugsuninni ofviða. Hún er heyrir til sviði tilfinninga og líkamlegra skynjana. Í þessu er að sjálfsögðu fólgin ákveðin þversögn; reynt er að lýsa náttúru sem er hugsuninni ofviða í texta sem er það tæki sem við notum til að tjá hugsun. En þetta er það viðfangsefni sem Þórbergur er sífelld að glíma við í náttúrulegum sýningum sínum; að reyna að miðla þeirri merkingu sem náttúran hefur fyrir hann í

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

gegnum tungumál þar sem áhersla er á tilfinningaleg viðbrögð. Fyrirlesturinn mun fjalla um þessi tjáskipti manns og náttúru í textum Þórbergs.

Þorvarður Árnason: Víðerni - einkenni og lifun

Óbyggð víðerni hafa verið viðfang náttúruverndar á Íslandi í rétt um tuttugu ár. Ný lög um náttúruvernd auka vægi þeirra á ýmsan hátt og einnig gegna þau talsvert stóru hlutverki í fyrstu Landsskipulagsstefnu sem tekur gildi hér á landi. Víðerni eru þó á ýmsan hátt erfiðari viðureignar en önnur viðföng náttúruverndar, sérstaklega þar sem þau eru ekki "bara" náttúra heldur fyrirbæri sem fyrirfinnast á mörkum náttúrlegs veruleika og hugarheims okkar manna. Rætt verður um þessi einkenni víðerna og hvernig þau hafa áhrif á stöðu þeirra í náttúruvernd.

Lykilfyrirlesari:

Sigrún Ólafsdóttir: Sjúkdómsvæðing geðrænna vandamála: Ísland í alþjóðlegu samhengi

Það hefur mikið færst í vöxt á undanförunum áratugum að skilgreina fleiri og fleiri mannleg vandamál sem sjúkdóm, og hafa skilgreiningar og meðferð við þeim færst í auknu mæli undir lögsögu læknávisindanna. Slíkar hugmyndir færast á milli samfélaga með aukinni tækni sem og í gegnum ólíkar vísindagreinar eins og til dæmis geðlæknisfræði og sálfræði. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um sjúkdómsvæðingu á Íslandi og hún sett í alþjóðlegt samhengi. Sérstaklega er skoðað hvernig alþjóðavæðing hefur haft áhrif á hvernig einstaklingar og samfélög bregðast við geðrænum vandamálum, og hvernig hugmyndum er annað hvort hafnað, samþykktar eða breytt innan íslensks veruleika. Niðurstöðurnar sýna að meðferð og stefnumótun í geðheilbrigðismálum á Íslandi mótast af alþjóðlegum hugmyndum, en einkenni íslensks velferðarkerfis hafa áhrif á hvernig við bregðumst við og skilgreinum slík vandamál.

Byggðapróun. Stofa 202 kl.10:15 - 12:15

Jón Þorvaldur Heiðarsson: Ef allar leiðri yrðu stytтар, myndir þú þá aka meira eða minna? - Eru vegstyttingar umhverfisvænar?

Hvað gerist þegar vegalengdir eru stytтар í vegakerfi? Verður heildarumferð minni vegna styttingarinnar? Eða eykst heildarumferðin vegna þess að vegstytting leiðir af sér fleiri ferðir? Það síðara virðist vera það sem gerist. Fjallað verður um hversu mikið umferð eykst við vegstyttingar og hvort rannsóknir sýni að umferð á Íslandi hegði sér svipað og í öðrum löndum hvað þetta varðar. Opnun jarðganga er eitthvert besta tækifærið til að sjá hvernig vegstyttingar virka á umferð. Sagt verður frá rannsóknum á umferð til og frá Siglufirði fyrir og eftir Héðinsfjarðargöng og hvort hægt hafi verið að spá með vitrænum hætti hvernig umferðin um Héðinsfjarðargöng yrði.

Þar sem heildarumferð eykst með vegstyttingum vaknar sú augljósa spurning hvort vegstyttingar og aðrar vegabætur séu slæmar að því leyti að þær auki losun koltvísýrings? Hvort vegstyttingar og vegabætur valdi gróðurhúsaáhrifum og séu því gegn markmiðum Parísarsamkomulagsins. Fjallað verður um þetta og hvernig hugsanlegt sé að bregðast við ef þetta er raunin.

Hjalti Jóhannesson: Samfélagsleg áhrif Vaðlaheiðarganga: Viðtalsrannsókn um stöðu samgangna fyrir opnun ganga

Samskipti milli svæða austan og vestan Vaðlaheiðar hafa aukist mikið og eru ferðir jafnari yfir vikuna. Lýstu viðmælendur því að þeir reiða sig á að samgöngur séu ávallt til staðar til að sækja vinnu, læknisþjónustu, afþreyingu, íþróttaæfingar og fleira. Þegar samgöngur um Víkurskarð raskist fari daglegt líf úr skorðum. Á vissum sviðum má líta á svæðin sitt hvorum megin Vaðlaheiðar sem heild í atvinnulegu tilliti og í skipulagi á verslun og þjónustu. Jafnari umferð yfir vikuna og meiri umferð styður þetta. Aukin forræðishyggja er í gangi af hálfu

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

yfirvalda gagnvart viðbrögðum við ófærð og vegum lokað við vissar aðstæður. Breytingin er talin til batnaðar og nauðsynleg með aukinni umferð og fjölbreyttari flóru vegfarenda að vetri. Viðmælendur kunnu að segja frá athyglisverðum reynslusögum er tengdust ferðum yfir Víkurskarð. Dæmi um aðlögun samfélagsins að stöðugum og tryggum samgöngum er birgðahald þar sem lagerinn er í raun að verulegu leyti á vegunum. Búið er að skipuleggja lækniþjónustu að verulegu leyti út frá því að alltaf sé hægt að senda sjúklinga til Akureyrar. Margt bendir til þess að þrátt fyrir þá annmarka sem eru á núverandi samgöngum sé samfélagið þannig búið að aðlaga sig með aukinni miðlægni og sérhæfingu ýmissa hluta á þessu svæði. Ákveðnum þolmörkum virðist hafa verið náð þannig að krafan um betri samgöngur á svæðinu hefur verið hávær um alllangt skeið. Þróun samgangna um Vaðlaheiði virðist fylgja líkani um „time-space convergence“.

Anna Guðrún Edvardsdóttir: Samspil þekkingarsamfélagsins og byggðapróunar á Íslandi og í Skotlandi

Í hugum margra eru einkenni þekkingarsamfélags tengdar tækniþróun og þéttbýli en byggðapróun dreifbýli. Rannsókn mín byggðist á að skoða samspil þekkingarsamfélagsins og byggðapróunar á Vestfjörðum, Austurlandi og á Vestureyjum Skotlands. Athuguð voru áhrif ákveðinna sögulegra atburða á dreifðar byggðir; hin pólitíska orðræða um atburðina og hvort og þá hvernig háskólamenntun og rannsóknastarfsemi hvetur fólk til að hafa áhrif á samfélagið sitt.

Unnið er með kenningar um seiglu með áherslu á þekkingarsamfélagið og byggðapróun sem félags- og vistfræðileg kerfi þar sem þekkingarfræðilegur fjölbreytileiki og nám sem felur í sér þrjá ferla eru hluti af kerfinu. Einnig er byggt á kenningum um vist-femínisma og grenndarnám í byggðapróun og mótun samfélaga.

Gagnasöfnun fór fram með þrenns konar hætti. Ákveðnir sögulegir atburðir voru skoðaðir. Sögulegri orðræðugreiningu var beitt við greiningu opinberra stefnumótunargagna. Viðtöl voru tekin við fólk sem bjó á þessum svæðum.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að byggðapróun á rannsóknarsvæðunum snýst um efnahagslega þætti. Þekkingarsamfélagið gerir dreifðum byggðum kleift að dýpka tengslin við umhverfislega, félagslega og menningarlega þætti og skapa sjálfbær samfélög sem sýna seiglu.

Sett voru fram þrjú viðmið sem gætu aukið seiglu samfélaga og stuðlað að því að þau verði sjálfbær. Fyrsta viðmiðið er að skapa samstarf á breiðum grunni meðal hagsmunaaðila við gerð samfélagsáætlana. Annað viðmiðið er að stofna samfélagssjóð sem heldur utan um náttúruauðlindir hvers samfélags. Þriðja viðmiðið er að skapa svæðisbundið samstarf og/eða á landsvísu á milli háskóla, rannsóknastofnana og þekkingarsetra.

Markús Meckl: The situation of immigrants in Northern Iceland – Preliminary results from a comparative study of Dalvík, Húsavík and Akureyri

Trúmál. Stofa 204 kl.10:15 – 11:45

Gunnar Stígur Reynisson: ...sem tilbiður guð sinn og deyr - Þjóðríkistrú hérlendis og erlendis

Öll höfum við ólíkan bakgrunn. Við komum úr mismunandi menningarheimum, styðjum sitthvort ípróttaliðið eða skilgreinum okkur á vinstri eða hægri væng stjórnmálanna. Samt getum við í nafni einhvers komið saman sem einn maður og barist fyrir einhverju einu sem við trúum á. Þetta eina atriði getur haft það mótandi áhrif á skoðanir okkar að það vegur meira en allt annað. Þetta atriði getur verið okkur svo hjartfólkið að hægt sé að líta á það sé trú, og þá hugsanlega þjóðríkistrú. Þjóðríkistrú getur orðið til þegar fólk með mismunandi bakgrunn, t.a.m. trúarbakgrunn, kemur saman til þess að vinna að velferð þjóðar sinnar. Þá þarf að finna eitthvað sem sameinar fólkið í þessari vinnu. Eitthvert tákni sem t.a.m. hefur meiri merkingu en önnur tákni. Þetta tákni þarf að vera það öflugt að það snerti innstu hjartarætur og verði að helgitákni.

Í þessu erindi sem unnið er út frá kjörsviðsritgerðinni Guð blessi Ísland verður þjóðríkistrúin skoðuð almennt og til að glöggva sig betur á henni verður Bandarísk þjóðríkistrú skoðuð. Hverjar eru hetjurnar, tákmyndirnar og atburðir sem móta þá trú. Einnig verður velt upp þeirri spurningu hvort þjóðríkistrú sé að finna hér á landi með sínar hetjur og tákmyndir.

Pétur Pétursson: Aðgreining ríkis og kirkju á 21. öld - staða þjóðkirkju í fjölmenningsþjóðfélagi

Kristin kirkja hefur verið kjölfesta í íslensku samfélagi og menningu. Á því varð breyting í lok 20.aldar og í upphafi hinnar 21 virðist hún vera orðin stofnun sem lifir á jaðri íslensks samfélags og margir gera ráð fyrir því að það sé aðeins tímaspursmál hvenær hún missir þau tók á þjóðinni sem hún hefur haft og hverfur af vettvangi hins opinbera rýmis. Þessa þróun má rekja til upphafs 20. aldar, en í þessu erindi verður ferli aðgreiningar og afhelgunar rakið frá því að ný lög voru sett um stjórn, stöðu og starfsemi kirkjunnar á Alþingi árið 1997. Ný trúfélög hafa haslað sér völl og krafan um algert trúfrelsi hefur gert að þjóðkirkjan á í vök að verjast með að réttlæta forréttindi sín sem hvíla á gömlum grunni. Kirkjan hefur átt erfitt með að fóta sig í samfélagi fjölmennings þar sem fjölmiðlar eru aðgangsharðari en áður og hún hefur gengið í gegnum nokkrar krísur sem hafa gert það að verkum að hún hefur misst tiltrú margra og stöðugt fækkar þeirri prósenttölu þjóðarinnar sem telur sig til hennar.

Björk Guðjónsdóttir: Al-Anon fjölskyldudeildirnar sem trúarhópur út frá sjónarhóli Durkheims og Geert

Einn mesti ágreiningur fræðimanna, almennings og þátttakenda í Alcoholics Anonymous (AA) og annarra 12-spora og 12-hefða samtaka, varðandi hugmyndafræði þeirra, er hvort þetta séu trúarsamtök (e. religion) eða nýr lífstíll (e. lifestyle).

Í erindi mínu hyggst ég fjalla um hugtökin trú og breytingar á lífstíl út frá mannfræðilegu sjónarhorni. Ég leita m. a. til Emile Durkheim (2006) þar sem hann fjallar um samvitund hópa

(e. collective conscience), en rannsókn mín á Al-Anon fjölskyldusamtökunum sýnir fram á mjög sterka samkennd meðal þátttakenda og virðist vera eitt af höfuð einkennum samtakanna. Lífsviðhorf þátttakenda breytist verulega við þátttöku, sem og lífsstíll. Þessa breytingu væri hægt að tengja við hugmyndir Clifford Geertz (1968) um trú og skilgreiningar Seth D. Kunin (2003) um félagslega meiningu og áhrif trúar.

Umfjöllunin byggir á doktorsritgerð minni sem skoðar mótun sjálfsmýndar kvenna við langvarandi þáttöku í Al-Anon, á stór Reykjavíkur svæðinu. Al-Anon eru fjölskyldusamtök grunduð á hugmyndafræði AA og markmið þeirra er að aðstoða aðstandendur vímuefnaofneytenda.

Samfélag. Stofa 202 kl.13:00 - 14:30 og 14:45 - 15:45

Markús Meckl: Immigrants in education: a new challenge. Parents and educators perspectives in Akureyri, Iceland

Students with immigrant backgrounds succeed less well in Icelandic schools than their classmates with Icelandic backgrounds. The aim of this article is to understand this situation from the perspectives of teachers and parents of immigrant students. Thirty-eight teachers were interviewed about the challenges and experiences of teaching immigrant students. Ten parents were also interviewed about their experiences of the Icelandic school and their children's education. The findings revealed that teachers are unsupported in their quest for understanding and managing multicultural education and that the Icelandic school system challenges foreign parents understanding of school as a traditional place for learning. It is suggested that addressing the lack of collaboration and discussion between both parties on students' needs and parents' expectations could improve the education of immigrant students.

Pórolfur Matthíasson: Resource Rent spillover to fishermen remuneration

Icelandic fishers operate on a higher wage rate than they might have attained in another profession. There could be a number of reasons for this. Fishers are more likely to be full-time workers than the average worker in the economy. Fishers are away from home and they experience more occupation-related hazards than the average worker. Part of their higher wage is compensation for such differences. We utilize a database consisting of information gathered from official registry data (tax returns, labour market surveys, education attainment and the national person registry) that has earlier been used to calculate return on education to estimate remuneration gains when a person switches from any occupation to fishing, correcting for individual factors and for factors like working hours. Preliminary results indicate that a person enjoys an hourly wage that is 39 to 50% higher than that they (considering explanatory variables such as age, education and sex) could have earned engaged otherwise.

Svala Guðmundsdóttir: Spouse

This session will focus on the role of cross-cultural adjustment and emotional as well as instrumental support for spouses of diplomats who are employed in the Foreign Service within the European Union (EU) as well as the European Economic Area (EEA). Although the diplomatic profession is among the oldest in the field of expatriation, there is limited research on this group. Members of the group falls under the category of “professional expats,” as they do not take up only one assignment in their lifetime, but dedicate their whole career to taking up new assignments in a new location every few years. Research has indicated that spouses of diplomats face a number of legal and institutional barriers when looking for work. They might be faced with losing their diplomatic immunity by taking up work, and some cannot obtain local work authorization. The study demonstrated that there was a positive relationship between adjustment and both emotional and instrumental support. This indicates that spouses who experience high levels of emotional and instrumental support are more likely to be well adjusted to their new local environment and life in the host location.

Svala Guðmundsdóttir: Cultural intelligence

Cultural intelligence (CQ) is known as an individual’s ability to act efficiently in different cultural contexts. Due to increased globalisation over the past 20 years, the number of people who currently come into direct contact with other cultures has grown significantly (Eisenberg et al., 2013). In this context, it could be considered that developing cross-cultural competencies is useful, even necessary, not only for managers but also for other fields of activity. Using Earley and Ang’s (2003) multidimensional concept as an analysis framework, our study analyses the CQ profile of students from two countries: Romania and Iceland. The framework is used both as a whole and separately, for each of its four component parts. Data (N=443) for this study were collected using questionnaires administrated to students in Romania and Iceland. The purpose of the study is to identify the significant differences and similarities between the two groups, taking into account recent studies indicating that CQ varies across countries and that there are countries with a higher propensity compared to other countries for initiating and developing cross-cultural contacts (Alon et al., 2016).

Gylfi D. Aðalsteinsson: Stéttarfélagsaðild á Norðurlöndum með hliðsjón af þjóðmenningarviddum Hofstede

Rannsóknir Geert Hofstede á þjóðmenningu og framsetning hans á stjórnun innan ólíkra menningarheima hefur haft mikil áhrif á skilning manna á mismunandi menningu í ólíkum löndum. Upphaflega kynnti Hofstede fjórar víddir þjóðmenningar, einstaklingshyggju (individualism, IDV), valdafjarlægð (power distance, PDI) karllægni (masculinity, MAS) og óvissa/hliðrun (uncertainty/avoidance, UAI). Seinna bættist fimmta víddin við, langtímahugsun (long – term orientation, LTO). Valdafjarlægð, PDI segir til um hvernig valdi er dreift innan stofnana og samfélagsins, jafnt eða ójafnt. Í samfélögum með lága valdafjarlægð er góður farvegur fyrir stéttarfélög. Í samfélögum með mikla einstaklingshyggju, IDV, er mikil

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

áhersla á frelsi einstaklingsins til athafna og frjáls vilji og afskiptaleysi ríkisvaldsins er eitt af grunngildum samfélagsins. Hagsmunir hópsins, skipulagsheildarinnar eða samfélagsins, eru settir ofar hagsmunum einstaklingsins. Í samfélögum með háa einstaklingshyggju eiga stéttarfélag oft erfit uppdráttar. Karllægni, MAS, segir til um hversu hlutverk kynjanna innan samfélagsins eru ólík. Þar sem karllæga víddin mælist há er hlutverk kynjanna mjög að greint. Í þessari rannsókn er fjallað um tengsl þriggja þjóðmenningarvídda Hofstede við stéttarfélagsaðild á Norðurlöndum þ.e. einstaklingshyggju, valdafjarlægð og karllægni. Bent hefur verið á að í löndum þar sem einstaklingshyggja er há þar er stéttarfélagsaðild lítil, lönd sem skora lágt á víddinni valdafjarlægð hafa háa stéttarfélagsaðild og lönd sem skora hátt á karllægni víddinni eru líklegri til þess að hafa lága stéttarfélagsaðild Singh (2001). Til að mæla þjóðmenningu var spurningalisti (VSM 94) lagður fyrir nemendur í grunn námi á Félags vísindasviði Háskóla Íslands. Tölur um stéttarfélagsaðild á Norðurlöndum voru fagnar frá OECD.

Viðskiptafræði. Stofa 204 kl.13:00 - 14:30 og 14:45 - 15:45

Þórhallur Örn Guðlaugsson: Hin íslenska fyrirtækjamenning

Fyrirtækjamenning hefur mikið verið til umræðu síðustu ár og áratugi. Hugtakið er flókið og margar leiðir til að leggja mat á það. Í rannsókninni er gerð grein fyrir niðurstöðum mælinga á fyrirtækjamenningu 36 fyrirtækja og stofnana á Íslandi og dregin upp mynd sem gæti endurspeglad hina íslensku fyrirtækjamenningu. Alls hafa 3.440 starfsmenn svarað spurningalista þar sem lagt er mat á fyrirtækjamenningu með aðferðafræði sem kennd er við Denison. Niðurstöður eru settar fram sem fjórar megin víddir, aðlögunarhæfni, hlutverk og stefna, samkvæmni og stöðugleiki og þátttaka og aðild. Undir hverri megin vídd eru þrjár undirvíddir.

Niðurstöður mælinga sýna að styrkur íslenskrar fyrirtækjamenningar virðist liggja í undirvíddinni „skýr stefna“. Skýr stefna er hluti af megin víddinni „hlutverk og stefna“. Hlutverk og stefna gengur út á það að skipulagsheildir sem sýna yfirburðar árangur hafi skýra mynd af tilgangi sínum sem og framtíðarsýn en rannsóknir sýna sterk tengsl á milli þessarar víddar og hagnaðar. Veikleikarnir liggja í undirvíddunum „vilji til breytinga“ annars vegar og „samhæfing og samþætting“ hins vegar. Vilji til breytingar tengist megin víddinni „aðlögunarhæfni“. Skipulagsheildir sem eru sterkar á þessu sviði eru drifnar áfram af þörfum viðskiptavina, eru tilbúnar til að taka áhættu og læra af mistökum sínum.

Rannsóknir sýna sterk tengsl á milli þessara víddar og nýsköpunar annars vegar og vaxtar hins vegar en bæði þessi atriði tengjast frammistöðu. Samhæfing og samþætting tengist megin víddinni „samkvæmni og stöðugleiki“ en rannsóknir sýna að sterk tengsl eru á milli þessarar víddar og hagnaðar.

Einar Guðbjartsson: Endurskoðunarnefndir og framtíðin: Markmið og tilgangur

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

Markmið þessarar greinar er að greina frá hluta niðurstöðum er tengist umhverfi og starfsháttum endurskoðunarnefnda Bornar eru saman tvær rannsóknir höfunda annars vegar frá 2012 og hins vegar frá 2016. Í greininni er gerð grein fyrir m.a. menntun nefndarmanna, trausti á fjárhagsupplýsingum og áhersluatriðum nefnda í hvorri rannsókn fyrir sig og samanburður gerður. Í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, eru gerðar kröfur um að tilteknir lögaðilar, einingar tengdar almannahagsmunum, skv. lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur, setji á stofn endurskoðunarnefnd. Tilgangur endurskoðunarnefnda er að tryggja það að gæði og áreiðanleiki fjárhagsskýrsla og fjárhagsupplýsinga sé sem mestur, hvort sem um er að ræða skýrslur til stjórnenda félagsins eða til hagsmunaaðila utan félagsins. Í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, er kveðið á um að stjórn skipi nefndarmenn í endurskoðunarnefnd. Í greininni verður reynt að komast að því hvernig endurskoðunarnefnd er samsett, menntun nefndarmanna og fleira sem gefur innsýn í starfsumhverfi endurskoðunarnefnda. Gerð verður grein fyrir könnun meðal stærstu fyrirtækja og stofnana landsins (sem falla undir skilgreininguna „einingar tengdar almannahagsmunum) og er þetta gert til þess að varpa ljósi á þær aðstæður sem eru á markaðinum í dag. Samanburður rannsóknanna frá 2012 og 2016 bendir til breytinga og er vonandi að niðurstöðurnar varpi ljósi á aðstæður og umfang endurskoðunarnefnda sem kann að leiða til þess að breytinga er þörf, t.d. á löggjöf. Þetta er fyrsta rannsóknin sinnar tegundar þar sem sérstaklega er horft til endurskoðunarnefnda.

Gylfi D. Aðalsteinsson: Er hugmyndafræði SALEK samkomulagsins til þess fallinn að draga úr vinnudeilum á íslenskum vinnumarkaði

SALEK samkomulagið, stendur fyrir samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. SALEK er afrakstur vinnu aðila vinnumarkaðarins sem hófst árið 2013 á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum, þar sem áhersla var lögð á endurskoðun kjarasamningalíkansins. Eitt af meginmarkmiðum samkomulagsins er að innleiða hið Norræna líkan kjarasamninga. Eitt af því sem einkennir hið Norræna vinnumarkaðslíkan er stöðugleiki á vinnumarkaði, hófsamar kauphækkningar með kaupmáttaraukningu og friðsamur vinnumarkaður. Í þessari rannsókn er fjallað um íslenska kjarasamningalíkanið, sem er í raun tvíþætt og þau borin saman. Kjarasamningalíkan fyrir hinn opinbera vinnumarkað, þ.e. starfsmanna ríkis- og sveitafélaga sem telja um 45000 starfsmenn eða 24% af heildarfjölda starfandi á vinnumarkaði. Kjarasamningalíkan fyrir hinn almenna vinnumarkað sem samanstendur af um 142000 launþegum. Eitt af markmiðum SALEK samkomulagsins er að tryggja frið á vinnumarkaði. Frá árinu 1977 hafa tapast samatl 1.974.699 dagar vegna verkfalla á íslenskum vinnumarkaði og af þeim er heildarfjöldi tapaðra daga vegna verkfalla á opinberum vinnumarkaði 932.102 eða 47,7%. Þannig má segja að opinberir starfsmenn, sem eru rúmlega fimmtungur íslensks vinnuafsl, standi fyrir u.þ.b. helmingi af töpuðum vinnudögum vegna verkfalla hér á landi. Af þessu sést að vinnudeilur eru miklum mun tíðari meðal opinberra starfsmanna og í þessari rannsókn er leitað svara við því hvort sú hugmyndafræði sem SALEK byggir á sé vænleg til að draga úr átökum á vinnumarkaði eður ei. Ennfremur er varpað fram þeirri spurningu og leitast við að svara hvort gerlegt sé að innleiða Norrænt kjarasamningalíkan án þess að hafa til hliðsjónar hið Norræna samfélagslíkan.

Þórhallur Guðlaugsson: Bankabasi

Í rannsókninni er leitast við að leggja mat á það hvort viðskiptabankarnir á Íslandi hafi sterka, jákvæða og einstaka stöðu í huga eða minni viðskiptavina sinna. Niðurstöður byggja á könnun sem framkvæmd var í mars 2013 en samtals bárust 564 gild svör.

Niðurstöður sýna að svarendur eru mjög líklegir til að nefna sinn banka sem þann banka sem er þeim efst í huga, þeir tengja sinn banka frekar en aðra við jákvæða eiginleika og aðgreina hann frá öðrum með skýrum og jákvæðum hætti.

Framlag rannsóknarinnar er margþætt. Fyrst er um að ræða fræðilegt innlegg í þær rannsóknir sem snúa að viðfangsefninu sem styrkir þau sjónarmið að vörumerki í þjónustu hafi alla jafna sterkari stöðu en vörumerki er tengjast áþreifanlegum vörum. Einnig er rannsóknin innlegg í miðaða markaðsstarf þar sem fram kemur með skýrum hætti að það sem einum hópi þykir neikvætt, þykir öðrum jákvætt. Rannsóknin er ennfremur innlegg varðandi það með hvaða hætti stjórnendur geta byggt upp traust en fram kemur að í kjölfar bankahrunsins hefur öll greinin skaðast en síður þegar niðurstöður eru skoðaðar út frá einstaka viðskiptavinahópum. Framlag rannsóknarinnar liggur einnig í því að dregið er fram með skýrum hætti að þegar grein eins og bankastarfsemi á Íslandi, sem áður naut trausts og virðingar, verður fyrir áfalli getur verið mjög erfitt að endurheimta fyrri stöðu. Þannig kemur fram að árin fyrir hrun var meðaltal trausts 6,26 á 9-stiga mælikvarða en árið 2013 var meðaltal trausts til greinarinnar 4,2 á 9-stiga mælikvarða. Skynjuð spilling var fyrir hrun 4,13 á 9-stiga mælikvarða en árið 2013 var skynjuð spilling 6,7 á 9-stiga mælikvarða. Bankarnir virðast því eiga í miklu basli með því að losna við þá ímynd spillingar sem varð til eftir efnahagshrunið og endurheimta það traust sem borið var til þeirra fyrir hrun.

Einar Guðbjartsson: Áhættulaus vaxtastýring – hvar skal byrja

Markmiðið með þessu erindi er að auka umræðuna um þær forsendur sem notaðar eru í verð- og virðismódelum. Gangvirðismat í reikningsskilum er að verða eitt af aðalatriðunum í ársreikningum ákveðinna iðngreina. Þessar iðngreinar eru t.d. fasteignafélög, fjármálastofnanir, tryggingarfélag. Í þessu erindi verður fjallað um fasteignafélög, þar sem þau beita IAS 40 og IFRS 13 við mat á fjárfestingaeignum sínum. Um 95% af eignum fjárfestingarfélaganna notast við gangvirðismat og um 5% notast við kostnaðarverð. Það sem aðskilur gangvirðismat fasteignafélaga og annara félaga sem nota gangvirðismat á eignir sýnar er að fasteignafélög notast næstum því eingöngu við 3ja stigs virðismat (Level 3) skv. IFRS 13. Þetta þýðir að allar forsendur eru unnar af stjórnendum félaganna. 3ja stigs virðismat einkennist af því að allar forsendur eru ekki skráðar á opinberum markaði (unobservable), heldur er notast við virðismats módel sem hvert og eitt fasteignafélag hefur þróað. Lögð verður áhersla á að skoða atriði er snúa að áhættulausu vaxtastigi (risk free rate). Áhættulaust vaxtastig er fyrsta þrepið í því að ákveða hver verður afvöxtunarstuðulinn sem notaður verður í gagnvirðismódelinu. Þegar notuð eru verð- og virðisformúlurnar, eins og WACC, CAPM eða FCF, þá þarf alltaf að byrja á því að ákvarða áhættulaust vaxtastig. Sýnt verður hvernig gangvirði getur breyst eftir

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Nýheimum 13.-14. október 2017

Því hvaða áhættulausa vaxtastig er notað. Hvernig er í raun áhættulaust vaxtastig ákvarðað?
Hefur það einhver áhrif á gangvirðið ef notað er spátímabil sem er 10 ár eða spátímabil sem er 30 ár?